

Nd.

478. Frumvarp til laga

[245. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 19 5. apríl 1971.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson, Alexander Stefánsson, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi, það er útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt. Í þessu skyni reisir Ríkisútvarpið sendistöðvar og endurvarpsstöðvar eftir þörfum.

Ríkisútvarpið skal hafa til útlána fyrir almenningsöfn og sjómannastofur myndsegulbandsspólur með öllu því efni til fróðleiks og skemmtunar er á dagskrá þess hefur verið í að minnsta kosti tvo mánuði eftir útsendingu, enda takist samningar við réttarhafa efnis.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að flytja inn, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki, sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarp, enda fullnægi tækin þeim skilyrðum um öldutíðni, útgeislun o. fl. sem ákveðið er samkvæmt alþjóðasamþykktum og reglugerðum varðandi fjarskipti, sem Ísland er aðili að.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Það er kunnara en frá þurfi að segja að sjónvarpið er áhrifamesti fjölmiðillinn. Samt er það svo að fjölmennir hópar í þessu þjóðfélagi eiga þess ekki kost að fylgjast með dagskrá þess. Hér veldur annars vegar að þeir þurfa að sinna störfum sínum til sjós eða á landi á sama tíma og útsending sjónvarpsins stendur yfir eða þá að þeir eru húsettir eða dvelja á stöðum sem útsending sjónvarpsins nær ekki til. Hér er um mikla þjóðfélagslega mismunun að ræða.

Sú lausn, sem hér er lögð til, er ekki fullnægjandi til frambúðar hvað dreifingu útsendingarefnis varðar, en ætti að gera mönnum biðina léttari.

Sanngjarnt væri að tollar af myndsegulböndum til þeirra sem ekki gætu notið sjónvarps með öðru móti, væru felldir niður.